

## Meðfædd viðbrögð

Viðbrögð	Framkvæmd	Svörun	Tímabil
<b>Leitarviðbragð</b>	Vangi barns snertur	Barnið snýr höfði að snertingunni og opnar munninn	Frá fæðingu til 4-6 mánaða Getur varað til 12 mánaða, sérstaklega í svefni
<b>Gripviðbragð</b>	Fingur lagður í lófa barns	Barnið grípur fast um fingurinn	Frá fæðingu til 4-6 mánaða
<b>Gangviðbragð</b>	Tekið undir armkrika barns og fætur látnir snerta sléttan flöt	Barnið hreyfir fætturnar líkt og það gangi	Frá fæðingu til 2-3 mánaða
<b>Skriðviðbragð</b>	Barnið lagt á magann og veittur stuðningur við iljar	Barnið dregur fótleggji að sér eins og það sé að reyna að skríða. Ósamræmi í hreyfingum getur bent til frávika í taugaproska	Frá fæðingu
<b>Moroviðbragð (Hræðslu-viðbragð)</b>	Ath. með hávaða eða snöggum hreyfingum Barnið er hálfstjandi með stuðning um höfuð og hrygg. Látið falla snögg aftur í hendi um 3 sm	Barnið sveiflar handleggjum út, teygir úr sér og spennir líkamann aftur. Strax á eftir kemur umfaðmandi hreyfing og skelfingarsvipur kemur á barnið	Frá fæðingu til 4-6 mánaða
<b>Babinski</b>	Strjúkið il barns utanvert frá hæl og yfir táberg	Barnið sperrir út tær og kreppir þær síðan nema stóru tánna sem helst útsperrt	Frá fæðingu til 2 ára
<b>Tonískt hnakkaviðbragð (Skylmingar-viðbragð, ATNR)</b>	Barn liggur á baki. Snúið höfði þess til hliðar	Þegar barnið liggur á baki leitar höfuðið til hliðar, t.d. vinstri. Er þá vinstri handleggur og fótleggur beinn en sá hægri boginn. Snúi barnið höfðinu í gagnstæða átt fylgja útlimir með, þ.e. hægri handleggur og fótleggur beinn en vinstri boginn	Frá fæðingu til 4-6 mánaða